Nd. **751. Lög**

um hlunnindi fyrir annars veðréttar fasteignalánafélög.

(Afgreidd frá Nd. 17. maí).

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að veita félögum, sem stofnuð verða hér á landi með þeim tilgangi að koma í framkvæmd lánum gegn öðrum veðrétti í fasteignum á tilteknum svæðum, á svipuðum grundvelli og tilsvarandi annars veðréttar lánafélög (Hypothekforeninger) erlendis, þau hlunnindi, er greinir í 2. og 3. gr. laga nr. 62, 7. maí 1928, um hlunnindi fyrir lánsfélag, enda staðfesti ráðherra samþykktir félaganna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.